

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Edwald,  
skjalaritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. febrúar 2020  
2020010073/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um mótn stefnu Íslands um málefni hafsins, 461. mál.**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 23. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótn stefnu Íslands um málefni hafsins, 461. mál. Í tillöggunni er lagt til að Alþingi álykti um að fela forsætisráðherra í samráði við sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra og utanríkisráðherra að setja á fót starfshóp um mótn stefnu Íslands um málefni hafsins, með það að leiðarljósi að Ísland marki sér stöðu sem framsækið ríki þegar kemur að loftslagsbreytingum og verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika sjávar, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Starfshópurinn skili skýrslu með niðurstöðum eigi síðar en 15. apríl 2020.

Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að framangreind tillaga nái fram að ganga. Eins og rakið er í greinargerð með tillöggunni þarf að móta stefnu um margvíslega þætti sem snúa að vernd og nýtingu þar undir þætti sem snúa að loftslagsbreytingum. Margt af því sem nefnt er í tillöggunni fellur bæði undir íslensk lög á ýmsum sviðum nýtingar, náttúruverndar og skipulagsmála en einnig undir alþjóða samþykktir eða samninga. Full þörf er á að móta samræmda stefnu um s.s. þætti sem snúa að loftslagsbreytingum og vernd líffræðilegrar fjölbreytni en nú er einmitt í gangi endurskoðun á framkvæmdaráætlunum um líffræðilega fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að koma að málinu en bendir á að skil á skýrslu 15. apríl 2020 er líklega full mikil bjartsýni.

Virðingarfallst

Jón Gunnar Ottósson

forstjóri

Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

